



Aðalfundur siglingaklúbbsins Þyts.

Þriðjudaginn 31. janúar 2012.

Til fundarins var boðað með dagskrá.

Boðaður tími kl. 20:00

Fundur hófst kl. 20:12

1.mál. Kosning fundarstjóra og fundarritara.

Formaður setti fundinn og bar undir atkvæði að skipa Ragnar Hilmarsson sem fundarstjóra og Andra Örn Jónsson sem fundarritara. Var það samþykkt með lófataki.

2. mál. Fluttar skýrslur stjórnar og gjaldkera.

Formaður klúbbsins Gunnar Geir Halldórsson flutti skýrslu stjórnar.

(Sjá meðlagt, skýrslu stjórnar).

Gjaldkeri Áskell Fannber fór síðan yfir ársreikning ársins 2011.

(Sjá meðlagt, ársreikning klúbbsins fyrir árið 2011).

Pétur T.H. spurði um hvor neikvæð staða hlaupareiknings væri einungis til skamms tíma. Gjaldkeri svaraði að svo væri.

Skýrsla og ársreikningur voru samþykkt.

3.mál. Lagabreytingar.

Engar lagabreytingar lágu fyrir aðalfundi.

4.mál. Árgjald ákveðið.

Ákveðið var að vísa ákvörðun um árgjald til stjórnar.

5.mál. Kosning formanns.

Gunnar Geir Halldórsson var einn í framboði, en gaf kost á sér með fyrirvara um að hann gæti flust úr bænum eða af landi brott.

Var Gunnar Geir kosinn með lófataki.

6.mál. Kosnir þrír meðstjórnendur.

Tveir menn gengu úr stjórn Hallur Helgason og Guðmundur R. Magnússon.

Lagt var til að Hörður Páll Guðmundsson og Jón Vignir Daníelsson kæmu inn í þeirra

stað. Ragnar Hilmarsson gaf kost á sér til endurkjörs.
Voru þeir kostnir með lófataki.

7.mál. Kosnir 2 skoðunarmenn og 1 til vara.

Lagt var til að skoðunarmenn síðustu ára sætu áfram þeir Daníel og Þórður Helgasynir.
Voru þeir kosnir með lófataki.

8. mál. Kosnir fulltrúar á þing ÍBH og SÍL.

Tillaga var lögð fram að vísa því til stjórnar.
Var það samþykkt með lófataki.

9. mál. Kosning mótanefndar.

Lögð var fram tillaga um að Áskell Fannberg yrði áfram mótastjóri. Þórður gaf kost á sér honum til aðstoðar.

Voru þeir samþykktir með lófataki.

10. mál. Önnur mál.

Almennar fyrirspurnir voru um þau mál sem væru á dagskrá hjá klúbbum.
Gunnar Geir sagði frá því að SÍL inni að því að frá vottun ISAF á félagsstarfinu hér á Íslandi.
Spurt var um hvort taka ætti aftur upp kynningarstarf fyrir skólakrakka úr einum árgangi úr skólunum í sveitarfélaginu. Pétur T.H. gaf kost á sér til að taka hluta af þeim tíma sem kynningin mundi taka.

Endurkjörinn formaður Þyts sleit síðan fundi.

Fundi slitið kl. 20:53

Siglingaklúbburinn Þytur 19. apríl 1975